



Langanesbyggð

## Reglur um starfsemi í þreksal og íþróttasal íþróttamiðstöðvarinnar á Þórshöfn vegna Covid 19.

1. Eingöngu er heimilt að hafa þreksal og íþróttasal opna fyrir skipulagða hóptíma. Þátttakendur þurfa að skrá sig fyrirfram í síma 468 1515 eða á [sund@langanesbyggd.is](mailto:sund@langanesbyggd.is) til að auðvelda smitrakningu. Hámarksfjöldi gesta í þreksal er 6 manns og í íþróttasal 20 manns hverju sinni.
2. Hver þátttakandi í hóptíma skal hafa minnst 4m<sup>2</sup> æfingasvæði, verði því ekki við komið, þurfa allir að bera andlitsgrímur. Hver þátttakandi verður að halda sig innan síns æfingasvæðis út alla æfinguna. Hver æfingatími er að hámarki 60 mínútur.
3. Engum búnaði má deila milli einstaklinga innan hvers tíma.
4. Búningsklefar skulu vera lokaðir og þátttakendur komi tilbúnir til æfinga í þrek- eða æfingasal.
5. Gert verður hlé í 30 mínútur á milli hóptíma til að loftræsta, þrifa og sótthreinsa búnað.
6. Allir eiga að vera með hreinar hendur og spritta þær við komu á staðinn, einnig eftir snertingu við hugsanlega mengað svæði eða æfingatæki fyrir og eftir hverja æfingu.
7. Þessar leiðbeiningar og reglur eiga ekki við um starfsemi skóla í æfingasal.


### Sundlaugin

1. Fjöldi gesta í sundlauginni má aldrei vera meiri en helmingur af leyfilegum hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi. Hámarksfjöldi samkvæmt því er 20 fullorðnir í einu í sundlauginni á Þórshöfn.
2. Börn fædd árið 2005 og síðar eru ekki talin með í gestafjölda sundlaugar.

*Samkvæmt reglugerð Nr. 5 / 2021 sem gefin er út af Heilbrigðisráðuneytinu 11. janúar 2021*  
**Reglur þessar gilda til 17. febrúar 2021**

**Þórshöfn 28. janúar 2021**

Sveitarstjóri  
Langanesbyggðar



**Jónas Egilsson sveitarstjóri**